

1859. ýmsra vörutegunda í verzlun og verði þeirra eptir verðlagsskrá,
15. október. en skaða þenna hefur hann talið 77 rd. 38 sk.

Í þessu efni lætur stjórnin eigi hjá líða að tilkynna yður, sjálfum yður til leiðbeiningar og til auglýsingar Birni umboðsmanni Skúlasyni, að það sem hann sótti um getur ekki orðið veitt honum, og er þetta samkvæmt því, sem um áþekkt tilfelli var á kveðið í bréfi innanríkisstjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austur umdæminu, 10. nóvembr. 1849.

17. október. **50. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi, um skozka plóga handa Borgarfjarðarsýslu.**

Þér hafið, herra stiptamtmaður, með bréfi yðar, dags. 3. febrúar þ. á., sent hingað beiðni frá nefnd þeirri, sem Borgarfjarðar sýslubúar höfðu valið, til að ráðgast um, hvað úr skyldi ráða, til að stemma stigu fyrir bágingum þeim, er vofðu yfir vegna fjárkláðans. Þar er þess farið á leit, að stjórnin útvegi einn skozkan járnplóg, í minna meðallagi stóran, handa hverjum hrepp í sýslunni, en þeir eru níu, á þann hátt, að andvirði plóganna verði tekið úr styrktarsjóði Íslands; eða að öðrum kosti, að fè það, sem þarf til að kaupa plógana fyrir, verði fyrst um sinn lagt út úr sjóði þessum, sem leigulaust lán; og færi svo, að hvorugt af því, sem hér er farið fram á, fengi áheyrn hjá stjórninni: þá í þriðja lagi, að kostur gæfist á, að fá áhöld þessi með hjálp hins danska landbústjórnarfélags.

Eins og þér hafið getið um í bréfi yðar, er fyr var nefnt, hefur suðuramtsins hús- og bústjórnarfélag ekki fundið næga ástæðu til að leggja til með beiðendum, að þeir fengi það, sem fyrst er farið fram á, og verður stjórnin að vera á sama máli í því efni. Stjórnin gat heldur ekki tekið til greina það, sem næst var beiðt um, þar ásigkomulag og tilgangur styrktarsjóðsins ekki leyfir, að slík lán, er hér ræðir um, sæu úr honum tekin. Á hinn bóginn áleit stjórnin, að það gæti orðið Borgfirðingum að talsverðu gagni, ef það gæti fengizt, sem um var beiðt; og hefur því skrifað hinu danska landbústjórnarfélagi, og farið þess á leit, að það, ef

Þess væri kostur, læti Borgfirðinga fá plóga þessa, með þeim skilmálum, sem stungið hafði verið upp á.

1859.
17. október.

Landbústjórnarfélagið hefur nú svarað því aptur, að það hafi ásett sér, til að stuðla til betri jarðræktar í Borgarfjarðarsýslu, að láta sýslu þessa fá 9 létta járnplóga, einn handa hverjum hinna 9 hreppa í sýslunni, fyrir hálfvirði, hërumbil 7 til 8 dali hvern, sem hlutaðeigandi hreppar eiga að borga á þann hátt, að þeir eftir ásigkomulagi geti fengið þriggja ára gjaldfrest. Landbústjórnarfélagið hefur enn fremur sagt, að það ætli nú að senda plógana til Íslands með gufuskipinu „*Arcturus*”, og fela þá yður á hendur, herra stiptamtmaður.

Þetta látum vèr yður vita, yður til leiðbeiningar og til auglýsingar fyrir hlutaðeigendum.

51. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á 17. október.

Íslandi, um fèstýrk til Borgarfjarðar- og Gullbringu-sýslu.

Þèr hafið, herra stiptamtmaður, í brèfi, dags. 15. f. m., sótt um, að þèr mættuð fá til umráða allt að 1000 dölum, þareð óttast mætti fyrir hallæri í Borgarfjarðar- og Gullbringu-sýslu á komanda vetri, og skyldi fè þetta álíta sem styrk, er væri veittur sýslubúum þessum, og ei þyrfti að svara aptur.

Stjórnarráðið hefur skrifazt á við innanríkisstjórnina um mál þetta, og látum vèr yður því næst vita yður til leiðbeiningar, að stjórnin, eins og nú stendur á, ekki hefur á móti því, að þèr látið borga yður allt að 1000 dölum úr jarðabókarsjóði Íslands, til að verja því til þess augnamiðs, er hèr ræðir um. Fè þetta mun síðan fært inn í fjáraukalögin fyrir yfirstandanda fjárhagsár, sem lán til þeirra sveita í suðuramtinu, er njóta þess; og skulu sveitir þessar borga ríkissjóðnum lán þetta innan tiltekins tíma, og með þeim kostum, sem yður, herra stiptamtmaður, skal nákvæmar verða skýrt frá, eftir að ríkisþingið hefur samþykkt fjáraukalögin.

Þareð stjórnin ekki getur veitt styrk þann, sem beðið er